

Ánægja með hermikennslu og aðstöðu í hermisetri (Hermís)

Höfundar: Þorsteinn Jónsson, aðjúnt og Ásdís Guðmundsdóttir, aðjúnt

Bakgrunnur:

Hermikennsla er sífellt mikilvægari hluti hjúkrunarfræðimenntunar. Kennsluaðferðin grundvallast á öruggu umhverfi til þjálfunar, til að mynda klíníska færni og teymisvinnu. Raunveruleiki kennsluaðstöðu getur haft áhrif á hermikennslu. Í Hermís, hermisetri Háskóla Íslands og Landspítala hefur markvisst verið unnið að þróun kennsluaðferðar og kennsluaðstöðu til að efla nám nemenda.

Tilgangur:

Að kanna reynslu hjúkrunarfræðinema af hermikennslu og aðstöðu í Hermís með áherslu á gagnsemi kennsluaðferðar, sem og upplifun nemenda af aðstöðu hermiseturs.

Aðferð:

Rafrænn spurningalisti var lagður fyrir 4. árs hjúkrunarfræðinema í námskeiðinu bráða- og gjörgæsluhjúkrun í lok hermikennslu haustið 2025. Þátttaka var valkvæð og nafnlaus. Svarhlutfall var 84% ($n=88/105$).

Gögn voru greind með lýsandi tölfræði út frá reynslu, gagnsemi kennsluaðferðar og aðstæðum í setri.

Niðurstöður:

Nemendur lýstu jákvæðri reynslu af hermikennslu ($M=4,37$), töldu hana gagnlega undirbúning fyrir klínískar aðstæður ($M=4,76$) og að aðstaða Hermís endurspegladi raunverulegar aðstæður ($M=4,24$).

Flestir töldu hermikennslu auka klíníska færni og faglegt sjálfstraust ($M=4,26$) og voru sammála um mikilvægi þess að efla hermikennslu ($M=4,95$).

Meðaltal á kvarða 1–10 fyrir líðan í hermikennslu var 7,82. Þátttakendur lýstu einnig áhuga á að taka aftur þátt í hermikennslu ($M=4,90$).

Ályktanir:

Rannsóknin sýnir að nemendur eru almennt mjög ánægðir með hermikennslu og aðstöðu í Hermís.

Hermikennsla stuðlar að aukinni færni, sjálfstrausti og ánægju í námi.

Niðurstöðurnar styðja áframhaldandi þróun hermikennslu og uppbyggingu á aðstöðu sem endurspeglar raunverulegt klínískt umhverfi.

Lykilorð:

Hermikennsla, hjúkrunarfræðinám, reynsla, ánægja, aðstæður, gagnsemi.